

**Sp. 85. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]**

um endurskoðun laga um læknisvitjanasjóði.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

**Greinargerð.**

Skömmu eftir að síðasta heimsstyrjöld hófst, voru sett lög um læknisvitjanasjóði. Samkvæmt lögnum er markmið læknisvitjanasjóða það að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Tekjur læknisvitjanasjóða eru framlag ríkissjóðs gegn þriðjungsframlagi annars staðar frá. Þetta framlag ríkissjóðs má þó ekki samkvæmt lögnum fara fram úr tveimur krónum á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kaupsbúnaðs, þar sem læknir situr. Þetta er miðað við verðgildi peninga og kostnað við læknisvitjanir, eins og það var fyrir stríð, og á þessi lágu framlög var ekki greidd verðlagsuppbót.

Síðastliðin tuttugu ár hefur verðlag stórhækkað, verðgildi peninga rýrnað og kostnaður við ferðalög, eins og á öðrum sviðum, aukizt að miklum mun.

Þótt Tryggingastofnun ríkisins hafi hlaupið hér undir bagga á síðustu árum með því að skipta nokkurri fjárhæð milli læknisvitjanasjóðanna, er það alls ekki fullnægjandi, til þess að sjóðir þeir, sem stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum nr. 59/1942, séu þess megnugir að gegna því hlutverki, sem þeim er ætlað.

Í þessu efni þarf að gera annað hvort: að auka tekjur læknisvitjanasjóðanna í samræmi við þarfir þeirra og verðgildi peninga eða að fela sjúkrasamlögum og Tryggingastofnun ríkisins að láta í té þann stuðning, sem læknisvitjanasjóðum hefur verið ætlað að veita, enda verði þá tryggt, að þessar stofnanir hafi til ráðstöfunar fé í þessu skyni.